

vefengt, að aðaláfrýjandi hafi rjett til að innheimta skuldina sem sína eign, verður að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda 40 kr. með 5% vöxtum frá 13. apríl 1898, unz borgað er, eins og gestarjettardómurinn gjörir. Svo verður gagnáfrýjandi og að greiða málskostnað fyrir báðum dómum, er þykir hæfilega ákveðinn 45 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Gagnáfrýjandi Jón J. Breiðfjörð greiði aðaláfrýjanda Kristjáni Þorgrímssyni 40 kr. með vöxtum 5% frá 13. apríl 1898, unz borgað er, og að auki 45 kr. sem málskostnað.

Dómi þessum skal fullnægja, áður liðnar sjeu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Nr. 25/1898:

Björn Jónasson

gegn

Þórarni Guðmundssyni.

Dómur:

Með dómi gestarjettar Nordurmúlasýslu, uppkveðnum 19. jan. 1898, var áfrýjandinn Björn Jónasson, bóndi á Hámundarstöðum, dæmdur til þess að borga stefnda verzlunarstjóra Þórarni Guðmundssyni 323 kr. 94 a. með 5% vöxtum frá 16. nóvbr. 1897, sem var stefnudagsetningardagur, til þess borgun fer fram, og auk þess 15 krónur.

í málskostnað. Dómi þessum hefur Björn Jónason skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 20. maí þ. á., og hefur hann krafizt þess, principaliter, að málinu verði heimvísað, en til vara, að dóminum verði hrundið og breytt þannig, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir báðum rjettum. Stefndi hefur af sinni hálfu krafizt þess, að gestarjettardómurinn verði staðfestur, annaðhvort óbreyttur eða til vara þannig, að frá hinni tildæmdu upphæð verði dregnar 120 kr., og hvernig sem málinu lýkur, krefst hann málskostnaðar að skaðlausu, eða eptir mati rjettarins.

Með veðskuldabrjefi, dags. 5. apríl 1895, viðurkennir áfrýjandinn, að hann þá skuldi Thostrups verzlun á Seyðisfirði 560 kr.; skuld þessa, svo og það, er síðar kunni að bætast við hana, lofar áfrýjandinn að hafa greitt til fulls eigi síðar en á næsta sumri á eptir, og ef lögsókn skyldi rísa út af vanskilum áfrýjanda, lofar hann að mæta í tjeðu máli fyrir gestarjetti Norðurmúlasýslu á Seyðisfirði. Það er komið fram í málinu, að áfrýjandi er fæddur 10. júní 1870, og var þannig ekki fullra 25 ára, er hann undirskrifaði skulda-brjefið 5. apríl 1895. Telur áfrýjandi, að hann hafi verið ófullveðja til þess að gjöra skuldbindingar þær, sem það inniheldur, og er vörn hans öll í málinu byggð á þessu atviki. Það skal þá fyrst tekið fram, að áfrýjandinn, sem við höfðun málsins var löngu orðinn fullmyndugur, ljét eigi hreyfa neinum mótmælum fyrir gestarjettinum á Seyðisfirði gegn því að mæta þar, þótt þar væri

eigi hans rjetta varnarþing. Heimvísunarkrafa áfrýjanda er því átyllulaus og verður ekki tekin til greina.

Þar sem áfrýjandi var eigi fullra 25 ára að aldri, er hann gaf út skuldabréfið 5. apríl 1895, voru greiðslu-skuldbindingar hans í brjefinu ógildar; en það er viðurkennt í málinu af umboðsmanni áfrýjanda, að hann hafi haustið 1897 eða löngu eptir að hann varð fullveðja, skrifað stefnda brjef, þar sem hann kannaðist við skuldina, og fór fram á, vegna erfiðs árferðis, að sleppa með að sinni að borga 250 kr. af henni. Þetta verður eigi skilið á annan veg en þann, að áfrýjandi hafi eptir á, eptir að hann varð fullveðja, staðfest og fullgilt (ratihaberað) skuldina, án þess að finna nokkuð að upphæð hennar, eins og það einnig er komið fram, að hann hafi haldið áfram viðskiptunum við Thostrups verzlun, eptir að hann varð fullveðja, og að talsverður hluti skuldarinnar stafi frá þeim tíma. Samkvæmt þessu verður að fallast á það, að undirdómarinn hefur dæmt áfrýjanda til að greiða hina umstefndu skuld, og með því að málskostnaðarákvæði gestarjettardómsins einnig samþykkjast, verður tjeður dómur staðfestur óbreyttur. Eptir málavöxtum þykir og rjett, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðst 15 kr.

Því dæmist rjett vera:

Gestarjettardómurinn skal vera óraskaður.
Áfrýjandinn Björn Jónasson greiði stefnda

Póranri verzlunarstjóra Guðmundssyni málskostnað fyrir yfirdómi með 15 krónum.

Dómi þessum skal fullnægja, áður liðnar sjeu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 31. októbermánaðar.

Nr. 34/1898:

Rjettvísinn

gegn

Bjarna presti Þórarinssyni.

D ó m u r :

Með aukarjettardómi Skaptafellssýslu, uppkveðnum 4. marzmán. þ. á., var hinn kærði sóknarprestur í Útskálaprestakalli, præp. hon. Bjarni Þórarinsson, dæmdur samkvæmt 134. gr. alm. hegningarlaga, sbr. 145. gr., fyrir að hafa sem póstaftgreiðslumaður dregið sjer fje úr póstsjóði með rangri reikningsfærslu, í 8 mánaða einfalt fangelsi og til að endurgjalda póstsjóðnum (landssjóði) 321 kr. Svo skyldi hann og greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar með talinn varðhaldskostnað, og málsvarnarnarlaun, 6 kr., til hins skipaða svaramanns síns, Jóns Einarssonar í Hemru, ásamt ferðakostnaði hans og fæðispeningum eptir úrskurði amstins. Eu dómi þessum er eptir ósk hins dómfellda og fyrir hönd rjettvísinnar áfrýjað til yfirdómsins.

Hinn ákærði, sem var prestur í Kirkjubæjarprestakalli og prófastur í Vestur-Skaptafellsprófastsdæmi og bjó á Prestsbakka á Síðu, til þess er